

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Stykkishólmsbæ.

1. gr.

Árlegt þjónustugjald vegna sorphirðu og sorpeyðingar í Stykkishólmsbæ, til að standa undir kostnaði, er sem hér segir:

- A. Á hverja íbúð í þéttbýli og á lögbýli, eða íbúðarhús utan þéttbýlis greiðist þjónustugjald:
Sorphirðu- og förgunargjald kr. 39.800

2. gr.

Gjald fyrir sorphirðu samkvæmt 1. gr. skal innheimta með fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjald fyrir úrgang sem komið er með til söfnunarstöðvar:

Meðhöndlun:	kr. með vsk.
<i>Tímavinna við flokkun og frágang</i>	3.026
<i>Vigtunargjald</i>	1.494
<i>Vigtunargjald utan opnunartíma</i>	8.125
 Óflokkað:	 kr./kg með vsk.
<i>Grófur óflokkaður úrgangur</i>	25,15
Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega fyrir förgun og aðra meðhöndlun. (Dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, net, húsgögn, jarðvegur, málmar, timbur, steinefni og gler).	
<i>Blandaður úrgangur</i>	18,15
Að mestu úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil og þarfnast ekki sérstakrar meðhöndlunar fyrir förgun.	
 Flokkað:	 kr./kg með vsk.
<i>Timbur</i>	16,50
Hvítmálað, plasthúðað og blandað	
<i>Timbur</i>	9,60
Hreint, ekki litað eða fúavarið	
<i>Kjöt og sláturúrgangur</i>	18,15
<i>Lífrænn úrgangur til jarðgerðar</i>	9,60
<i>Heimilistæki o.fl.</i>	18,15
<i>Gras án aðskotahluta</i>	4,36
<i>Húsbúnaður, fatnaður o.fl. til endurnotkunar</i>	0
<i>Bylgjupappi sem er tækur til endurvinnslu</i>	0
<i>Dagblöð, tímarit, skrifstofupappír og annar pappír tækur til endurvinnslu</i>	0
<i>Plast til endurvinnslu</i>	

Gjaldskrá vegna spilliefna og spilliefnamengaðs úrgangs o.þ.h. sem úrvinnslugjald er ekki lagt á:	kr./kg með vsk.
<i>Olíusíur</i>	103,54
<i>Olíuúrgangur s.s. ódælanlegur úrgangur og olíumengaður jarðvegur, tvistur o.fl.</i>	176,62
<i>Lífræn spilliefni með halógenum og/eða brennisteini s.s. ýmis PCB úrgangur</i>	811,01
<i>Lífræn spilliefni án halógens og brennisteins</i>	
<i>Lífræn efni: Etylenglýkól, frostlögur, prýlenglýkól, ediksýra, lífrænar sýrur, asfalt, amin, lífræn sölt, polyól og tekstyl</i>	224,10
<i>Málning, vatnsblönduð og önnur ótalin eftirlitsskyld spilliefni</i>	62,25
<i>Kvikasilfursmengaður úrgangur</i>	577,68
<i>Oxandi og gasmyndandi efni</i>	875,89
<i>Ólífræn spilliefni s.s. brennisteinssýra, saltsýra, fosfórsýra, flúorsýra, krómsýra, málmhreinsisýrur, lútur, basísk affitunarböð með cyaníði, galvanhúðunarböð, herðisölt, natrium hydroxíð, fljótandi hýpólórit, málmhydroxíðleðja, ólífræn sölt</i>	387,19
<i>Ýmis spilliefni, s.s. lyf, sprautunálar, flugeldar, polyúretan úðabrúsar</i>	
<i>Úrgangur sem þarfnast efnagreiningar</i>	387,19
<i>Umbúðir spilliefnamerktar/spilliefnamengaðar > 100 l</i>	5.899,00
<i>Umbúðir spilliefnimerktar/spilliefnamengaðar < 100 l</i>	1.475,00
<i>Gagnaeyðing</i>	111,41

4. gr.

Tekið er á móti úrgangi sem úrvinnslugjald er lagt á, án endurgjalds.

Starfsmaður söfnunarstöðvar ákveður, að fenginni lýsingu úrgangshafa á úrgangi, í hvaða flokk úrgangur fellur skv. gjaldskránni.

Flutningsaðilar á úrgangi á móttökustað ábyrgjast greiðslu gjalda skv. gjaldskrá eða geri grein fyrir með óyggjandi hætti, almennt eða í einstaka tilfalli, hver sé ábyrgur úrgangshafi hvers farms.

Íbúar sveitarfélagsins geta afhent allt að 50 kg af forflokkuðum úrgangi samtals á mánuði án þess að greiða sérstaklega fyrir það, enda sé um heimilisúrgang að ræða.

5. gr.

Sveitarfélaginu er heimilt að gera sérstaka samninga um móttöku úrgangs og aðra þjónustuþætti, þegar um er að ræða afmarkaðri eða víðtækari þjónustu en gjaldskrá tekur til.

6. gr.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá úrgangshafa án undangengins dóms, sbr. lokamálslið 4. mgr. 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989. Gjöld eru tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga, sbr. lokaml. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, er samin og samþykkt af bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar, að fenginni umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og með stoð í 5. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Stykkishólmsbæ, nr. 50/2012, sbr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 með síðari breytingum, og 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003 með síðari breytingum.

Gjaldskrá þessi tekur gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Stykkishólmi, nr. 217/2002.

Stykkishólmsbæ, 13. febrúar 2012.

F.h. bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar,

Gyða Steinsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 15. febrúar 2012